Menntaskólinn í Reykjavík
mr@mr.is Sími 545-1900



Félagsfræði, 5. Bekkur. (FÉL2AA10)

Námsáætlun skólaárið 2026-2027

Félagsfræði er stór og víðfeðm fræðigrein sem lætur sér ekkert mannlegt óviðkomandi, samfélagið er á stöðugri hreyfingu og breytist hraðar nú um stundir en tíðkast hefur í gegnum söguna. Hugtök og hugmyndafræði breytast hratt og má taka sem dæmi samfélagsmiðla sem hafa haft gífurleg áhrif á samfélagið sem og knýjandi viðfangsefni samfélaga eins og loftlagsmál, Covid, ófriður og annað sem hefur áhrif á samfélagið og fólkið sem þar býr. Í vetur verður fjallað um viðfangsefni félagsfræðinnar eins og félagsfræðileg hugtök og merking þeirra, meginkenningar og frumkvöðla félagsfræðinnar. Einnig verða tekin fyrir samfélagsleg málefni líðandi stundar eftir því sem við á og geta nemendur komið með tillögur og vinna verkefni sem tengist því.
Kenndar verða 5 kennslustundir á viku og fer kennsla fram með verkefnavinnu, umræðum, innlögnum kennara og nemenda, tímaverkefnum og fleira.

Námsmarkmið.

Nemendur:

- þjálfist í að fylgjast með og taka þátt í umræðu um samfélagið
- fái innsýn í veruleika þeirra sem búa við fátækt og skort á tækifærum
- auki þekkingu sína á íslensku samfélagi og samfélagi þjóða
- æfist í að afla sér félagslegra upplýsinga og vinna skipulega úr þeim
- efli með sér gagnrýna hugsun, skilning og virðingu.
- Þekki og kunni að nota helstu hugtök félagsfræðinnar.
- Þekki helstu kenningar félagsfræðinnar

Námsefni:

Vefbók: Félagsfræði, ég við og hin. Höfundur: Hrafnkell Tumi Kolbeinsson.

https://vefbok.is/eg-vid-og-hin/

Annað efni frá kennara

Námsmat:

Námseinkunn:

Virknidagbók 20%. 10% fyrir áramót og 10% eftir áramót, nemendur skrifa janft og þétt í virkni-dagbók og skila við lok hverrar annar.

Kaflapróf 30 %. Það eru tvö próf fyrir áramót og tvö próf eftir áramót. Þrjár hæstu einkunnir gilda. Það eru ekki sjúkrapróf en nemendur verða að taka að minnsta kosti eitt próf á önn. Ef nemandi missir af báðum prófum á önninni þá er boðið uppá sjúkrapróf úr öllu námsefninu sem var til prófs, sem sagt úr báðum prófunum á önninni.

Fyrirlestur 20%

Verkefnaskil 30% . Hugtök, verkefni, örfyrirlestrar, greining á fréttum, myndmiðlum og fleira. Nemendur vinna þetta oftast í tíma og skila á INNU. Sum verkefni eru einstaklingsverkefni en önnur paraverkefni eða hópverkefni. Það verður að skila verkefnum innan ákveðins tímaramma sem gefinn er fyrir hvert verkefni. Það er mikilvægt að nemendur séu virkir þátttakendur í tímum í verkefnavinnu og umræðum. Það er ekki leyfilegt að nota síma eða tölvur nema í þeim tilgangi að lesa í vefbókinni ef með þarf og vinna verkefni sem þarf að skila í félagsfræði.
Ef nemendur missa af 1-2 verkefnum á önn vegna veikinda eða annarra sambærilegra forfalla kemur það ekki að sök.

Vorpróf 100%

Lokaeinkunn er meðaltal af vorprófseinkunn og námseinkunn.

Námsáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.